



## 26. stjórnarfundur haldinn 21. janúar 2014

**Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.**

**Mætt:** Valdimar O. Hermannsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Adolf Guðmundsson og Auður Ingólfssdóttir.

Einnig er mættur Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og fulltrúarnir Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Anna Dóra Helgadóttir, Jón Pálsson, Ólafur Áki Ragnarson, Signý Ormarsdóttir og Bergþóra Arnórsdóttir sem einnig ritar fundargerð.

Valdimar setur fund klukkan 15.08 og býður fundarmenn velkomna, sérstaklega Adolf Guðmundsson sem situr sinn fyrsta stjórnarfund og fulltrúa sem boðaðir eru á þennan fund. Hann fer yfir tildrög þess að ákveðið var að hafa sameiginlegan fund stjórnar og fulltrúa, en það var ákveðið í haust í framhaldi af viðtölum við nokkra fulltrúa og óska um að fá betri yfirsýn yfir málaflokka.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
2. Starfsáætlun allra sviða Austurbrúar, kynntar af fulltrúum.
3. Fjárhagsáætlun Austurbrúar ses., 2014 - kynnt.
4. Umræður, fyrirspurnir/ábendingar og afgreiðsla.
5. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu ýmissa mála.
6. Staða samninga landshlutans við ríkisvaldið.
7. Starfsáætlun stjórnar 2014.
8. Húsnæðismál Austurbrúar, Vonarland og starfsstöðvar.
9. Önnur mál.

### **1. Fundargerð frá 25. stjórnarfundum lögð fram og undirrituð.**

### **2. Starfsáætlanir sviða kynntar af fulltrúum**

Starfsáætlanir allra sviða verða aðgengilegar stjórn á Sharepoint- svæði stjórnar að loknum fundum.

Ásta Kristín kynnir verkefni á nýsköpunar og þróunarsviði. Hún fer yfir tekjur sviðsins og í hvaða verkefni þau eru ætluð. Aukning er í atvinnuráðgjafarviðtölum og telur hún að atvinnuráðstefnan hafi haft mikið að segja. Á sviðinu er lögð gríðarleg áhersla á samvinnu bæði við innlenda og erlenda aðila.



Guðrún leggur fram starfsáætlun fyrir fræðslusviðið sem send verður í mennta- og menningarmálaráðuneyti í lok þessa mánaðar. Fræðslusviðið starfar að nokkru leyti sem skóli og þjónustar íbúa sem eru í námi, það er því ólíkt hinum sviðum Austurbrúar að mörgu leyti. Hún fer yfir helstu verkefni 2014 sem eru þjónusta við nemendur í háskólanámi, lesaðstaða, fjarfundaaðstaða, örnámskeið og prófumsjón. Áætlaður fjöldi fjarnema er 170-200 og um 1000 próf eru tekin á Austurlandi ár hvert. Unnið verður að því að hvetja háskólana til að sinna háskólanámi í dreifbýli betur með heimsóknum og unnið að þarfagreiningu um að bjóða fagstéttum upp á símenntun. Á rannsóknarsviði eru ýmis smá þróunarverkefni í gangi s.s. styrkjadagatal, rannsóknarbókasafn og fossaverkefni. Sjálfbærni-verkefnið tekur einnig drjúgan tíma starfsmanna og ekki var unnt að nýta allt fjármagn seinasta árs en áætlun gerir ráð fyrir að bætt verði úr því 2014. Hún fer að lokum yfir tekjur og gjöld sviðsins.

Bergþóra kynnir námsvísi vorannar og starfsáætlun 2014 sem er sameiginleg fyrir fræðslusviðið. Fjöldi námskeiða er áætlaður 145-150, þátttakendur um 1500, nemendastundir 45.000 og námsráðgjafarviðtöl 220. Sérverkefnum fækkar frá seinasta ári meðal annars vegna þess að ekki hefur verið tími til að vinna í umsóknum þar sem álag hefur verið á starfsmönnum fræðslusviðs. Kynnir sérverkefni og fer yfir helstu ógnanir í starfi fræðslusviðs og helstu tækifæri, kynnir að lokum tekjur og gjöld sviðsins.

Jón - á markaðssviði eru 2,5 starfsmenn. Helstu verkefni framundan eru að gera breytingar á smábókinni sem gefin er út, önnur uppsetning opnar möguleika á þjónustusamningum. Verið er að vinna að nýrri vefsíðu og skoða uppsetningu t.d. varðandi texta og ákveðna markhópa. Margar sýningar og kaupstefnur eru framundan, einnig áhersla á að fara í heimsóknir og auka samstarf við hagsmunaaðila. Fundir eru reglulega með ferða- og menningarmálafulltrúum á Austurlandi. Hugmyndir eru um að gera app fyrir Austurland sem hefur verið vel tekið. Það vantar tekjur fyrir Upplýsingamiðstöðina og er fyrirhugað að gera póstkort til að selja með myndum úr ljósmyndasamkeppni. Margir viðburðir eru framundan á árinu. Marka þarf stefnu um að Egilsstaðaflugvöllur verði önnur gátt inn í Austurland til viðbótar við Keflavík.

Signý - fer yfir að kostnaðarskiptingu á menningarsviði og miðstöðvar menningarfræða á Seyðisfirði. Menningarsamningar runnu út um áramótin og síðan hefur verið unnið mikið og farnar margar ferðir til Reykjavíkur, niðurstaða var að berast og verður 10% lækkun framlags í stað 24% eins og kynnt var í desember 2013. Hún fer yfir verkefni framundan s.s. úthlutanir styrkja og verkefni hjá miðstöð menningarfræða, önnur þróunarverkefni, málþing í Norræna húsinu í samstarfi við Vesterålen. Þá fer hún yfir það sem betur má fara s.s. að mikill tími fari í fundi, álag við verkefni hefur aukist, vöntun á samstarfi og aðskilnaður sviða. Kynnir skýrslu um árangursmat menningarstarfs „úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013“ sem er á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis, Signý reiknar með að vinna tölfræðigögn í samantekt til ráðuneytis síðar á árinu út frá upplýsingum úr árangursmatinu og mun hún jafnframt kynna það fyrir stjórn.

Ólafur Áki kynnir SSA, helstu verkefni framundan á sviðinu er að fylgja eftir samþykktum, koma með tillögur um það sem betur má fara í frumvörpum, almenningssamgöngur, lækkun á kostnaði við innanlandsflug, erlent samstarf, breytingar á samþykktum SSA og tengdra verkefna, ýmis verkefni í samstarfi við sveitarfélög.



Anna Dóra fer yfir starfsemi fjármála og stoðsviðs sem annast þjónustu við starfsmenn og hagsmunaaðila Austurbrúar. Sviðið annast öll fjármál Austurbrúar og allt bókhald, hefur umsjón með húsnæði, tæknibúnaði og ræstingu. Helstu verkefni framundan eru að koma í gang rafrænu bókhaldi, innleiðing á verkboðkhaldi, rafræn skjalavistun, ferlavinna, og B2B þar sem bókhald er tengt netbanka. Húsnæðismál brenna á fólki og vinna þarf að merkingum á húsnæði.

Valdimar þakkar fulltrúum fyrir góðar kynningar. Þetta er fyrst heila árið sem Austurbrú hefur starfað, ýmsir hliðarvindar hafa blásið síðan verkefnið hófst. Tekið verður mið af þeim ábendingum sem komu fram ásamt því að vinna að samstarfi og bæta upplýsingaflæði. Margt hefur verið erfitt, stundum þarf smá fundavesen til að hlutirnir gangi upp en þá þarf að passa að hafa skýr markmið. Mjög jákvætt að fá starfsáætlanir frá öllum sviðunum. Arnbjörg þakkar fulltrúum fyrir upplýsingarnar og telur að þær geri stjórnarmenn meðvitaðri um hvaða verkefni eru á hverju sviði. Hún vonast til að fulltrúar geti rætt málefni við stjórn reglulega og óskar eftir að kynningar verið vistaðar inn á gagnagrunni stjórnar. Rætt um að gott væri að hafa sérstakan fund um sóknaráætlunarverkefni t.d. flugvallarverkefni. Jón, Guðrún, Signý, Ásta Kristín og Ólafur víkja af fundi.

### 3.-4. Fjárhagsáætlun Austurbrúar 2014

Anna Dóra fer yfir samantektarskjal sviða vegna fjárhagsáætlunar Austurbrúar. Fjárhagsáætlun frá sviðum kom á mismunandi formi og er erfitt að setja inn í sameiginlegt skjal þegar svo er. Eftir yfirlegu á fjármagnsliðum þá endar fjárhagsáætlun í tapi, 6,9 milljónir. Upplýsingar frá ríkinu vegna fjármögnunar næsta árs eru enn í mikilli óvissu s.s. sóknaráætlun, menningarsamningar, vaxtasamningur. Óskað er eftir samanburðarskjali milli 2013 og fjárhagsáætlunar 2014, til að skoða forsendur fjárhagsáætlunar sem er mjög erfitt að skoða þegar samanburð vantar. Fulltrúa fjármála er falið að hafa það tilbúið fyrir næsta fund.

Umræður um fjárhagsáætlun og eru mörg sjónarmið rædd. Austurbrú er ný stofnun sem þarf að standa undir sér og vinna með þeim hætti að hún beri sig. Forsendur þurfa að vera skýrar, hlutverk stjórnar er fyrst og fremst að vinna að uppbyggingu starfseminnar og tryggja ábyrga fjármálastjórn í sjálfstæðri stofnun út frá markmiðum starfseminnar. Lagt til að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar til næsta fundar, samþykkt samhljóða.

Anna Dóra víkur af fundi.

### 5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsháttanefnd mun funda í næstu viku til að undirbúa ársfund, framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við formann nefndarinnar. Endurskoðun á gjaldaliðum fjárhagsáætlunar hefur tekið mikinn tíma undanfarið, byrjað er að vinna í ársreikningi og bráðabirgðaársreikningur verði lagður fram um miðjan febrúar. Ársfundur á að vera á tímabilinu mars – maí, lagt til að ársfundur verði 9. maí. Verið er að vinna að sóknaráætlunarverkefnum og beðið eftir upplýsingum frá stjórnarráðinu vegna áframhaldandi vinnu. Spurt um bókun frá fyrra fundi stjórnar varðandi starfsstöðvar, ekki hafa verið ráðnir starfsmenn síðan sú bókun var gerð. Rætt er um merkingar á húsnæði, áfram þarf að vinna að því máli og unnið að því að gera einfaldar merkingar til bráðabirgða þar sem þessi mál eru ófrágengin.



## 6. Staða samninga landshlutans við ríkisvaldið

Einhverir fjármunir munu koma frá ríki í sóknaráætlanir 2014 en ekki er vitað hver sú upphæð verður og ekki hverjar áherslur verða. Samningar varðandi menningarmál eru að skýrast þessa dagana og niðurskurður verður væntanlega 10% en ekki 24% eins og fyrra reiknilíkan gerði ráð fyrir.

## 7. Starfsáætlun stjórnar

Fjallað um fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar, sem verið hafa til skoðunar, og áréttaði formaður að eðlilegt væri að ný stjórn staðfesti starfsáætlun á öðrum fundi eftir ársfund, en endurmat á störfum stjórnar færi fram á fyrsta fundi eftir áramót. Einnig lagt fram dagatal þar sem tillaga var gerð um fasta fundardaga stjórnar, þriðja þriðjudag í mánuði, en framkvæmdaráð kæmi saman á milli stjórnarfunda, um einstök málefni, sem staðfest yrðu á næsta stjórnarfundi.

Á stjórnarfundum yrðu ávallt skýrsla framkvæmdastjóra og upplýsingar um fjármál, en milliuppgjör stofnunar yrðu kynnt á fjöggra mánaða fresti.

Stjórnarfundir hæfust að öllu jöfnu kl. 15:00 og yrði lokið fyrir kl. 18:30 og verði haldnir á öðrum starfsstöðvum (en Egilsstöðum og Reyðarfirði) öðru hvoru, enda væri þá hægt að nýta ferðir á starfsstöðvar til kynninga eða annarra erinda stjórnar. Fjallað um starfshætti stjórnar og rætt um að framkvæmdastjóri, eða einstakir stjórnarmenn, myndu víkja af fundum væru mál til umfjöllunar sem tengdust störfum þeirra, eða öðrum hagsmunum.

Þá var ákveðið að fulltrúar sviða mættu á fund með stjórn, í upphafi árs með starfsáætlanir og að hausti vegna fjárlagavinnu o.fl. þ.h.. Þá geta fulltrúar sviða óskað eftir að koma með erindi inn á stjórnarfundi, enda sé það gert í samráði við framkvæmdastjóra og/eða formann stjórnar.

Í tilefni af því að allt bókhald Austurbrúar og SSA, er nú yfirtekið og fært innan stofnunar, þá hafa stjórnendur verið hvattir til þess að fá leiðbeiningar frá endurskoðendum varðandi uppsetningu og framsetningu á fjárhagsstöðum til stjórnar.

Einnig samþykkt að leggja fram drög að ársreikningi um miðjan febrúar og síðan endanlegri kynningu með endurskoðendum á stjórnarfundi í mars. Samþykkt að ársfundur Austurbrúar ses, verði 9. maí 2014, og lagt til að fá góða gesti á fundinn.

## 8. Húsnæðismál Austurbrúar, Vonarland og starfsstöðvar

Stefán Bogi kynnir stöðuna varðandi húsnæðismál á Vonarlandi, fjármögnun er ekki tryggð, áfram er unnið að henni og skýrast mál vonandi í næstu viku, þá er hægt að leggja fram raunhæfa verðhugmynd um leiguverð og framkvæmdaáætlun á næsta fundi stjórnar, verktaki hefur lýst áhuga á að taka verkefnið að sér, en ekki hefur verið rætt um kostnað. Framkvæmdastjóri kynnir að reiknað hafi verið með því að það kæmu tekjur af húsnæði sem falla niður og kemur það illa við starfsemina, jafnframt er viðhaldi húsnæðis ábótavant. Valdimar ítrekar að það þurfi að koma fram raunhæf plön um framkvæmdina þar sem mikið óhagræði er af því að reka starfsemina á tveimur stöðum og ljóst að ef mál skýrast ekki fljótlega þá þarf Austurbrú að leita eftir öðru húsnæði.



Stjórn Austurbrúar fer fram á að á næsta fundi verði kynnt tillaga frá Vísindagarðinum sem stjórn tekur afstöðu til.

Fjallað um aðrar starfsstöðvar og mikilvægi þess að framkvæmdastjóri fari á milli stöðva.

## 9. Önnur mál

Fundur fagráðs er áætlaður í mars skv. skipulagsskrá, skoða þarf möguleika á að skipuleggja þann fund í samráði við fund stjórnar.

Erindi frá ferða- og menningarmálanefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar dagsett 27. nóvember 2013. Fagnað er jákvæðri útkomu á árangursmati í úttekt á framkvæmd menningarsamninga, en harmað að máttarstólpar samningsins sem eru menningarmiðstöðvar í fjórðungnum séu fjársveltar. Beiðni um að þetta verði endurskoðað með tilliti til rekstrarkostnaðar Skaftfells. Stjórn tekur undir erindið varðandi jákvæða niðurstöðu á framkvæmd menningarsamnings á Austurlandi. Stjórn leggur áherslu á að ekki er búið að ganga frá samningum um menningarsamninga árið 2014 og því ekki hægt að taka afstöðu til seinni hluta erindis.

Rætt um hvort starfsemi menningarráðs sé innan stjórnkerfis Austurbrúar og hvort kynna eigi fundargerðir menningarráðs á fundum stjórnar. Núverandi menningarsamningur rann út árið 2013 og ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi þar sem fyrirkomulag framkvæmdar verður ákveðið.

Rætt um hvort hagkvæmt sé að hafa SSA sem verkefni innan Austurbrúar, þarna eru verkefni sem eru allt annars eðlis en aðrir þættir starfseminnar. SSA er tengiliður við ríkið í mörgum tilfellum og er einnig hluti af stoðstofnun sem vinnur mörg verkefni fyrir landshlutasamtökin sem getur valdið árekstrum. Sameiginlegur slagkraftur getur verið kostur til að fá fjármagn í málaflokkana frá ríki. Velta þarf upp kostum og göllum þess að vinna bæði á faglegum grunni og pólitískum, en dæmin sanna að stundum þarf hvoru tveggja til þess að ná fram málum gegnvarrt ríki og ráðuneytum, sbr. áherslur í menningarsamningum og fleira.

Skoða þarf stjórnskipulagið í heild núna þegar komið er á annað ár stofnunarinnar og hvort ástæða sé til breytinga, tillögur hafa verið ræddar í stjórn og lagt til að þær verði skoðaðar nánar á stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 18.45

---

Valdimar O. Hermannsson

---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Rögvaldur Ólafsson



---

Sverrir Mar Albertsson

---

Pórunn Eymundardóttir

---

Adolf Guðmundsson